

Áætlun um öryggi og heilbrigði

Öryggisnefndir eru starfandi á Sunnuhlíð og Seltjörn og funda nefndirnar fjórum sinnum á ári og fara í vettvangsferðir tvisvar á ári. Starfsfólk er hvatt til að koma með ábendingar til öryggisfulltrúa.

Áhættumat starfa var framkvæmt í apríl 2023, stuðst var við gátlista um hjúkrunarheimili frá Vinnueftirlitinu og aðrar upplýsingar á heimasíðu Vinnueftirlitsins. Nú í október 2025 fóru öryggisnefndir yfir áættumatið og tók stöðuna á þeim þáttum sem kröfðust úrbóta.

Í öryggisnefnd Sunnuhlíðar eru tveir öryggisverðir, Kristján Sigurðsson og Svanlaug Guðnadóttir og tveir öryggistrúnaðarmenn, Kristín Harðardóttir og Andrzej Truss.

Í öryggisnefnd Seltjarnar eru tveir öryggisverðir, Kristján Sigurðsson og Svanlaug Guðnadóttir og tveir öryggistrúnaðarmenn, Bryndís Fanný Guðmundsdóttir og Andrzej Truss.

Fræðsla starfsfólks er markviss og er haldið námskeið tvisvar á ári fyrir nýtt starfsfólk. Á námskeiðinu er farið yfir hvað er hluti af þeirra starfi og einnig farið yfir öll tæki og tól sem eru til staðar á heimilinu. Farið er yfir áhættuþætti og hvaða leiðir eru farnar til að forðast slys. Þegar nýr starfsmaður byrjar á heimilinu er honum úthlutaður kennari sem er honum til halds og trausts fyrstu fjórar vaktirnar og eftir þörfum í framhaldinu. Kennarinn sér um að notuð séu rétt hjálpartæki þegar við á og að starfsfólk beitir sér rétt. Passað er upp á að erlent starfsfólk fái jafn góða fræðslu og þjálfun og íslenskt starfsfólk.

Starfsfólk fær verkefni við hæfi og er passað upp á fjölbreytni við störf þess. Passað er vel upp á álag sérstaklega hjá þunguðum konum. Sveigjanlegur vinnutími er þegar við á og hvíldartími virtur.

Vinnuslys eru skráð og tilkynnt til Vinnueftirlitsins. Þau eru einnig skráð í kerfin hjá heimilunum svo hægt sé að fylgjast með ef einhver ákveðin slys gerast oft og þá hvað hægt er að gera til að forðast þau.

Sunnuhlíð og Seltjörn leggja áherslu á það að fyrirtækin sem við vinnum með sýni ábyrgð og tryggir að þau séu með sitt vinnuverndarstarf á hreinu.

Frá síðustu úttekt hafa þær breytingar átt sér stað á Seltjörn að Seltjarnarnesbær hefur selt húsnæðið til Safnatraðar slhf. Eigendur húsnæðisins bera ábyrgð á viðhaldi og breytingum en það hefur gengið illa að ná til þeirra með að sinna viðhaldi. Því eru nokkrir þættir sem koma út úr úttektinni sem rekstraraðili hefur ekki möguleika á að bæta.

Stærð húsnæðis heimilanna er samkvæmt reglugerðum, breiðir gangar og nóg pláss til að athafna sig. Framkvæmdir hafa staðið yfir í Sunnuhlíð. Fyrsta og öðrum áfanga er lokið og unnið er við áfanga 3 og 4. Aðstaða hefur lagast til muna í nýju rýmum en um leið eykst þá krafa á endurbætur annars staðar.

Loftgæði á heimilunum eru að mestu góð og eru loftræstikerfi reglulega yfirfarin og löguð ef þess þarf. Vegna eðli starfsemi húsanna þá er mjög oft heitt inni vegna heimilismanna en auðvelt er fyrir starfsfólk að opna eða fara út ef þeim er of heitt

Hljóðvist er góð, ísogsefni er í loftum sem dregur algjörlega úr bergmáli.

Lýsing á heimilunum er góð fyrir utan dagdvalar rými á Seltjörn, þar eru fá loftljós. Til að bregðast við því hefur bætt við standlömpum. Jafnframt er búið að upplýsa eiganda húsnæðisins og óska eftir því að þetta verði lagað.

Reykingar eru með öllu óheimilar á heimilunum og í kringum heimilin.

Varasöm efni eru geymd í lokuðum rýmum og eru öryggisblöð til fyrir varúðarmerkt efni. Leitast er við að nota sem mest náttúruleg efni sem eru ekki varúðarmerkt. Nauðsynlegar persónuhlífar eru til staðar.

Passað er upp á allar smitvarnir og er nýju starfsfólki kynntir allir helstu þættir smitvarna og hvaða hlífðarbúnað á að nota við hvert verk. Starfsfólk á að fara eftir öllum reglum um smitvarnir.

Þegar starfsmenn hefja störf fá þeir kynningu á léttitækjum heimilisins og eru starfsmenn hvattir til að nota þau. Sjúkraþjálfarar og lögþjálfar vinna á heimilunum og eru þeir alltaf boðnir og búnir til að leiðbeina starfsmönnum með rétta líkamsbeitingu. Efla þarf fræðslu um loftlyftara að mati sjúkraþjálfara á Seltjörn.

Starfsfólk fær hvatningu og stuðning í starfi og viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Starfsmannasamtöl eru ekki með formlegum hætti en starfsfólk getur alltaf komið með hugmyndir af umbótum og getur það haft samband við sinn næsta yfirmann til þess.

Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis og áreitni er til á vinnustaðnum og fá nýir starfsmenn kynningu á henni. Stefnan er svo rifjuð upp reglulega á starfsmannafundum. Komi upp einelti eða áreitni skal starfsmaður leita til næsta yfirmanns eða mannauðs- og gæðastjóra. Unnið er að því setja inn tilkynningarhnaup á heimasíðuna. Áætlað að því sé lokið fyrir lok nóvember 2025.

Starfsfólki sem er ekki með íslensku sem móðurmál er boðið upp á íslenskukennslu og leggjum við mikið upp úr því að allir hafi einhverja þekkingu á íslenskri tungu.

Á Sunnuhlíð og Seltjörn er starfsmannafélag sem heldur reglulega samkomur til að hrista starfsfólkið saman. Einnig er facebook síða þar sem hægt er að koma með allskonar ábendingar en einnig fræðslu og skemmtipóst.

Aðgengi á heimilunum er gott, nóg er af bílastæðum og aðgengi fyrir móttöku vara er gott. Aðgengi fyrir sjúkrabíla og fólk í hjólastól er einnig gott. Passað er upp á að salta, sanda og moka í kringum húsið svo fólk detti ekki. Lýsing er góð í kringum Sunnuhlíð en unnið er að því að bæta lýsinguna utandyra á Seltjörn í samstarfi við eiganda húsnæðisins.

Breiðir gangar eru á báðum heimilunum og auðvelt er að komast um. Hlíð er hjá stigum til varnar fallhættu. Aðstaða fyrir hjálpartæki er góð og greiður aðgangur að þeim.

Allar útgönguleiðir eru merktar og passað er upp á að ekkert sé fyrir neyðarútgöngum.

Vélar á heimilunum eru allar CE merktar og eru þær skoðaðar reglulega. Aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara er góð.

Á Seltjörn er mikið af nýjum og flottum húsgögnum sem flest gera gott gagn og eru til fyrirmyndar. En eldhúsborð heimilanna eru með útstæðar lappir og hefur starfsfólk bent á að ef til vill væri betra að hafa borð með beinum fótum. Íbúar og starfsfólk eru að venjast borðunum, rekstraraðili mun ekki fjárfesta í nýjum borðum að þessu sinni.

Starfsmannarými heimilanna er mjög gott, læstir skápar fyrir starfsfólk, sturtur og nóg af snyrtingum miða við fjölda starfsfólks. Gott aðgengi er að kaffi/matstofu allur búnaður til staðar og loftræsting góð. Flestir starfsmenn þiggja mat á heimilunum og eru kokkar heimilanna snillingar í að framreiða góðan mat.

Ræstiklefar eru á báðum heimilum og er stærð þeirra og aðgengi gott. Skolvaskur er í rýmum og auðvelt aðgengi að öllum því sem þarf að nota.

Neyðaráætlun er til staðar ef upp kemur eldsvoði, jarðskjálfti, efnaslys og annað. Áætlunin er kynnt reglulega öllu starfsfólki og æfingar haldnar. Fulltrúi í neyðartilvikum er vakthafandi

hjúkrunarfræðingur. Mappa um neyðaráætlun er á öllum deildum sem hluti af gæðahandbók. Neyðarstjórn er starfandi og í henni sitja sömu aðilar og eru í öryggisnefnd. Í neyðartilvikum kemur neyðarstjórn saman Seltjörn (iðjubjálfun) eða Sunnuhlíð (fundarherbergi).

Neyðarútgangar eru merktir og auðvelt aðgengi að þeim. Settur hefur verið rampur við neyðarútgang í sjúkraþjálfun.

Slökkvibúnaður og skyndihjálpartæki eru til staðar og fá starfsmenn leiðbeiningar um þau. Búnaður Sunnuhlíðar er yfirfarinn reglulega af Öryggismiðstöðinni og Securitas sér um að yfirfara búnaðinn á Seltjörn.

Öryggisnefnd mun funda aftur að ári eða í október 2026.